



## HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið  
b.t. Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6

150 Reykjavík

Hafnarfirði, 7. desember 2018  
1806356 RE

Efni: Fjölgun úrræða fyrir fólk með heilabilun

Hér með er ítrekað bréf dagsett 18.júlí s.l. (sjá meðfylgjandi) þar sem óskað er eftir fjölgun dagvalarrýma í dagdvöl sem rekin er á Sólvangi. Ekki hefur borist svar og er því erindið ítrekað. Í bréfinu er auk þess bent á mikla þörf fyrir dagúrræði fyrir heilabilaða og þess óskað að bætt verði úr rýmum fyrir heilabilaða.

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar skipaði starfshóp á haustmánuðum 2018 sem hefur það verkefni að leggja fram hugmyndir um húsnæði sem henti dagdvöl fyrir heilabilaða í sveitarfélaginu. Fram kemur í erindisbréfi að starfshópurinn skuli vera í samvinnu við Alzheimer-samtökin um uppyggingu og rekstur dagdvalar. Einnig skal starfshópurinn ítreka erindi sveitarfélagsins um fjölgun dagvalarrýma.

Starfshópurinn hefur gert athugun á húsnæði í sveitarfélaginu sem gæti hentað fyrir starfsemi dagdvalar fyrir heilabilaða og er niðurstaða hópsins að húsnæðið að Strandgötu 75 efri hæð henti vel þörfum þessa hóps. Hafnarfjarðarbær hefur til margra ára leigt hluta þess húsnæðis fyrir dagþjálfun sem rekin er af Alzheimer-samtökunum. Sveitarfélagið er tilbúið til að leggja til húsnæðið fyrir starfsemina og óskar eftir samþykkt ráðuneytisins fyrir 12 rýmum. Eins og fram kemur í fyrra bréfi er hér um að ræða beiðni sem er í samræmi við forgangsröðun yfirvalda um þjónustu við eldri borgara og er því eindregið hvatt til þess að jákvætt verði tekið í erindið.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsson-Dóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.